

**Sp.**

**504. Þingsályktun**

[86. mál]

um rannsókn á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna.

(Afgreidd frá Sp. 29. marz).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ýtarlega athugun á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna. Að lokinni þeirri athugun skal ríkisstjórnin gera tillögur um breytingar á gildandi lögum, ef nauðsynlegt kann að reynast, til að tryggja konum jafnrétti við karla, og um ný lagaákvæði, er rétt þykir að setja til að tryggja konum sömu aðstöðu og karlmönnum til að sjá fyrir sér og sínum og njóta hæfileika sinna í starfi.

Ríkisstjórnin leggi álit og tillögur um þetta efni fyrir Alþing svo fljótt sem unnt er.